

Undirritaður harmar að borgarráð skuli fella sjálfsagða og eðlilega tillögu um að fargjöld hjá Strætó verði felld niður. Tillagan er í senn umhverfisvæn, réttlát og nauðsynleg því fjölskyldum í Reykjavík blæðir svo sannarlega vegna þess efnahagshruns sem einkavinavæðing og spilling meirihlutflokkanna tveggja, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hefur kallað yfir þjóðina. Þessi afgreiðsla sýnir svo ekki verður um villst að borgarstjórnarmeirihlutinn forgangsraðar í eigin þágu. Gott dæmi um það er að borgarstjóri er fjarverandi á fundi borgarráðs í dag vegna ferðalags erlendis á kostnað borgarbúa. Nær væri að borgarstjóri og aðrir kjörnir fulltrúar forgangsraði í þágu almennings en ekki sjálfra sín.